

Sp. 786. Tillaga til þingsályktunar [426. mál]

um þjóðaratkvæði um sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta við næstu kosningar til Alþingis fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort koma eigi á fót einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn samkvæmt eftirfarandi hugmyndum í stað þess lífeyrissjóðakerfis sem við lýði er.

Við það skal miðað að hinn sameiginlegi lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa í ársbyrjun 1990 og leysi þá núverandi lífeyrissjóðakerfi af hólmi. Megineinkenni hins sameiginlega sjóðs skulu vera þessi:

1. Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem sé 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda.
2. Hlutverk sjóðsins er að greiða tekjutengd og verðtryggt eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og makabætur svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og langtímaávöxtun hans.
3. Bóta-, lífeyris- og eftirlaunagreiðslur sjóðsins skulu vera til viðbótar þeim greiðslum sem almannatryggingar inna af hendi.
4. Starfandi lífeyrissjóðir skulu eiga þess kost að flytja eigur sínar og skyldur til hins nýja sjóðs og hætta starfsemi eða halda áfram að starfa sem viðbótarsjóðir.
5. Ef starfandi sjóður óskar eftir innlögn í hinn nýja sjóð skal meta rétt í hinum fyrra sjóði á raunvirði og miðað við greiðslugetu. Reynist hinn fyrri sjóður samkvæmt þessu mati vanmegnugur að greiða þann rétt sem hann hefur heitið sjóðsfélögum sínum skal hinn nýi sjóður eigi að síður skuldbundinn til þess að greiða sjóðsfélögum eigi minna en 85% þess réttar sem heitið var. Það sem upp á vantar að staða hins eldri sjóðs rísi undir 85% þess réttar sem heitið var skal greitt af ríkissjóði.
6. Með lífeyrisréttindi hjóna skal fara með eftirfarandi hætti:
 - a. Lífeyrisrétt eftirlifandi maka skal ákvarða eigi lægri en lífeyrisrétt þess hjónanna sem við fráfalið hafði aflað meiri réttar.
 - b. Þegar annað hvort hjóna fellur frá skal greiða hinu eftirlifandi sérstakar makabætur fyrstu 18 mánuðina eftir fráfalið.
 - c. Sérstakar reglur verði settar um skiptingu á samanlögðum rétti hjóna við skilnað eða búskipti.
7. Stjórn lífeyrissjóðsins skal skipuð eftir tilnefningu samtaka launafólks atvinnurekenda og ríkissjóðs. Ráðherra tryggingamála skal skipa í stjórnina. Formaður skal skipaður án tilnefningar. Að öðru leyti skal skipað í stjórnina eftir tilnefningum með eftirfarandi hætti: Tvo menn frá ASÍ, einn mann frá BSRB, einn mann frá BHM, einn mann frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn mann frá Stéttarsambandi bænda, tvo menn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn mann frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og einn mann frá fjármálaráðuneytinu.
Stjórnin velji tvo menn í fimm manna framkvæmdaráð en fastafulltrúar í ráðinu séu, auk formanns stjórnar, einn fulltrúi frá ASÍ og einn fulltrúi frá VSÍ.
8. Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans og skal henni skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Við ávöxtun á fé sjóðsins skal stjórnin að öðru leyti líta til þarfa atvinnulífsins og gæta þess í því sambandi að jafnræði sé milli landshluta.

Greinargerð.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi Íslendinga er meingallað. Um 90 sjóðir eru nú starfandi, margir þannig staddir að talið er að þeir geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Takmarkanir á áunnum rétti og varðandi flutning réttar eru margbreytilegar þannig að fullvíst má telja að verulegar greiðslur renni til sjóðanna án þess að menn öðlist rétt út á þær eða þá einungis mjög skertan rétt. Illmögulegt er fyrir venjulegt fólk að halda því til haga hvaða rétt það eigi og hvar það eigi hann, enda teljast nú um 7300 manns aðilar að sex sjóðum eða fleiri. Með ítrekaðri lagasetningu á undanförnum árum hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi en árangur hefur þó ekki orðið meiri en raun ber vitni.

Kostir þess að hafa einn sameiginlegan sjóð eru hins vegar fjölbættir. Nokkrir helstu kostirnir eru þessir:

1. Þegar einn sjóður nær til allra landsmanna þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn. Rétturinn er á einum stað og engum glatast neinn réttur þótt hann skipti um starf. Ekki er þörf á neinum reglum um flutning réttinda milli sjóða.
2. Einn sjóður yrði sterkur og öflugur. Ahættudreifing yrði því mikil og sjóðnum ekki hætt vegna áfalla t.d. vegna slysa eins og hinum smáu sjóðum sem nú eru við lýði. Tryggingafræðileg rök fyrir einum sjóði eru því augljós.
3. Rekstrarkostnaður af einum sameiginlegum sjóði yrði mun minni en af fjölsjóðakerfinu. Þannig nýttust tekjur sjóðanna betur til þess að standa undir réttindagreiðslum.
4. Mismunurinn í réttindum mundi hverfa og allar réttindabætur yrðu auðunnari í framtíðinni.

Ýmsar tillögur og frumvörp hafa verið fluttar á undanförnum árum um að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Árið 1972 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu Gylfa P. Gíslasonar tillögu um þetta efni og Bjarnfríður Leósdóttir flutti tillögu um það 1974, en Guðmundur H. Gardarsson flutti lagafrumvarp um Lífeyrissjóð Íslands 1975 og 1978 ásamt fleirum. Þau Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson og Salome Þorkelsdóttir endurfluttu þetta frumvarp endurskoðað árið 1980 og sömu aðilar ásamt Agli Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Þorvaldi Gardari Kristjánssyni endurfluttu það árið 1981. Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á hinn bóginn þingsályktunartillögu um framtíðarskipan lífeyrismála. Eins og kunnugt er hefur málið ekki náð fram að ganga. Að dómi flutningsmanna mun því helst um að kenna að ýmsir áhrifaaðilar hafa á hverjum tíma lagst gegn hugmyndinni og hefur þá gjarnan verið til þess vitnað að einhver endurskoðunin væri í gangi. Núverandi kerfi er á hinn bóginn svo ófullkomið og vanburða að sérhver endurskoðun bætir aðeins úr fáum göllum þess og það fær aldrei staðist samanburð við kosti sameiginlegs sjóðs.

Það er skoðun flutningsmanna að miklum fjölda fólks, líklega meiri hluta landsmanna, sé þetta ljóst og vilji gjarnan að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna verði stofnaður hvað sem líður andstöðu ýmissa áhrifamanna. Þessi tillaga er flutt til þess að gengið verði úr skugga um þennan stuðning almennings við hugmyndina og þannig skapaðar nýjar og sterkar forsendur fyrir Alþingi til þess að hrinda í framkvæmd sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

Hér á eftir er fyrst gerð nánari grein fyrir því lífeyrisréttindakerfi sem hér er gert ráð fyrir að upp yrði tekið með hinum sameiginlega lífeyrissjóði og síðan er stutt lýsing á núverandi kerfi. Loks er í fylgiriti útdráttur úr skýrslu endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis frá 2. maí 1985 sem flutningsmenn hafa tekið saman.

I. Hvers konar lífeyrisréttindakerfi.

Nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir hvers konar lífeyrisréttindakerfi er æskilegast að koma á og búa við. Að dómi undirritaðs er það kerfi sem er markvissast, skilar öruggum og viðunandi lágmarksréttindum, þeim jöfnuði sem menn geta sæst á, en veitir jafnframt möguleika til sveigjanleika, byggt upp af þremur meginþáttum.

1. Þrjú meginþættir:

- a. *Almannatryggingakerfi* í núverandi mynd sem greiðir tiltölulega lágan almennan lífeyri til allra án tillits til ævitekna. Í þessu felst framlag samfélagsins til jöfnunar milli þjóðfélagshópa.
- b. *Skyldutrygging í einum sameiginlegum sjóði* sem tryggir ásamt með bótum og lífeyri almannatrygginga viðunandi og öruggan lífeyri til allra. Þessi réttur yrði tekjutengdur og verðtryggður þannig að réttur og lífeyrir hvers og eins væri í hlutfalli við samanlagðar iðgjaldagreiðslur í sjóðinn.
- c. *Viðbótartrygging* fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt. Þessi starfsemi gæti verið á hendi lífeyrissjóða sem störfuðu utan sviðs skyldutrygginga.

Leiðin til þess að koma þessu kerfi á laggirnar felst fyrst og fremst í því að stofna einn sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna sem tæki við hlutverki skyldutrygginganna. Þeir sjóðir, sem nú starfa á því sviði, ættu jafnframt að eiga möguleika á því að færa starfssvið sitt yfir í viðbótartryggingar fyrir þá sem þess óska.

2. Iðgjaldsstofn og réttindi hjóna.

Jafnframt er nauðsynlegt að setja ný og skýr ákvæði um iðgjaldsstofn annars vegar og lífeyrisréttindi hjóna (og sambýlissólks) hins vegar sem taki mið af núverandi þjóðfélagsháttum. Þessi ákvæði ættu að vera eftirfarandi:

- a. Að iðgjald sé greitt af öllum launatekjum, en ekki einhverjum hluta þeirra eins og nú er algengt. Réttindi mundu þá jafnframt myndast miðað við allar launatekjur.
- b. Að viðurkenna og ákveða að lífeyrisréttindi hjóna séu sameign þeirra og heildareignin skiptist að öðru jöfnu til helminga við skilnað eða búskipti, en jafnframt skal hvorugt hjóna búa við minni rétt en þann rétt sem það hjónanna hefur áunnið sér sem meiri rétt hefur. Þegar annað hvort hjóna fellur frá ætti á hinn bóginn að greiða ríflegar makabætur í takmarkaðan tíma (18 mánuði) og barnalífeyri vegna barna allt fram til 19 ára aldurs.

3. Söfnunarkerfi.

Um hríð hölluðust margir að því að svonefnt gegnumstreymiskerfi gæti hentað í lífeyrissjóðsmálum en slíkt kerfi einkennist af því að engin sjóðssöfnun á sér stað heldur er lífeyrisgreiðslum mætt með samtímaíðgjöldum. Ýmsir gallar slíkra kerfa hafa með tímanum orðið æ ljósari og nýtur sjóðssöfnunarkerfið því meira álits bæði hér á landi og erlendis. Gallar gegnumstreymiskerfis felast m.a. í aukinni byrði þegar illa árar eða þegar hlutfall milli mannfjölda á lífeyrisaldri og starfsaldri hækkar. Umskipti í ávöxtunarmálum hérlendis hafa á hinn bóginn gert sjóðskerfið aðgengilegra en áður. Þar að auki mætir það þörf þjóðfélagsins fyrir innlendan sparnað. Sjóðskerfið er jafnframt það form, sem menn hafa vanist, og hvers konar umbætur í lífeyriskerfamálum, sem reistar eru á sjóðsmyndun, eru því framhald þess sem upp hefur verið byggt.

4. Staða núverandi sjóða í nýju kerfi.

Sú tillaga, sem hér er lýst, gerir ráð fyrir að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa frá og með 1. jan. 1990. Frá og með þeim tíma skyldu allir landsmenn greiða iðgjöld í þann sjóð og safna réttindum þar.

Á hinn bóginn yrðu þeir lífeyrissjóðir, sem nú eru starfandi, að ákveða hvernig þeir mundu haga starfsemi sinni við þessar nýju aðstæður.

4.1. Innlögn réttinda.

Í fyrsta lagi ættu sjóðirnir kost á að leggja eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð. Í því tilviki yrðu eignir og skuldbindingar metnar. Ef í ljós kæmi að eignir hrykkju ekki fyrir skuldbindingum skv. þeim réttindum, sem viðkomandi sjóður hefur heitið félögum sínum, er gert ráð fyrir því að hinn nýi sjóður ábyrgist þó að lágmarki 85% þessara réttinda gagnvart sjóðsfélögum.

Hér yrði því um hreina réttarbót að ræða gagnvart félögum þeirra sjóða sem geta í rauninni ekki staðið við heit sín um rétt sjóðsfélaga.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram fé til þess að tryggja að ná megi þessum lágmarksréttindum til handa félaga í þeim sjóðum sem ekki rísa undir þeim.

4.2. Umsýsla eldri réttinda.

Þeir sjóðir, sem á hinn bóginn kysu að starfa áfram sem almennir sjóðir eftir 1. jan. 1990, ættu þess kost en starfsemi þá einungis til þeirra eigna sem sjóðirnir ættu hinn 1. jan. 1990 og þeirra réttinda sem sjóðsfélagar hefðu þá aflað sér.

4.3. Viðbótarsjóðir.

Í annan stað og óháð því hvort lífeyrissjóðirnir legðu eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn sameiginlega sjóð gætu þeir tekið ákvörðun um að starfa áfram sem viðbótarlífeyrissjóðir sem tækju þá sérstök viðbótariðgjöld af sjóðsfélögum sínum. Sá sjóður, sem leggur eigur sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð, getur því valið að hætta starfsemi alfarið eða breyta starfsemi sinni yfir í viðbótarlífeyrissjóð (umfram skyldutryggingu). Sá sjóður, sem legði ekki eigur sínar og skuldbindingar í hinn nýja sameiginlega sjóð, mundi halda áfram vörslu eigna og greiðslu réttinda vegna liðins tíma. Hann gæti á hinn bóginn og með sama hætti og áður er lýst ákveðið að láta sér nægja það eitt eða hefja starfsemi sem viðbótarlífeyrissjóður frá 1. jan. 1990.

II. Núverandi kerfi.

Lífeyrissjóðakerfi Íslendinga er slíkt kraðak að undrun sætir að ekki hafi komið til almennrar uppreisnar gegn því. Helsta skýringin er væntanlega sú að svo fáir hafa gert sér ljóst hversu gallað kerfið er.

Þannig eru starfandi 90 sjóðir með mjög mismunandi réttindum bæði á pappírnum og í framkvæmd, en margir hverjir þannig að þeir geta greinilega ekki staðið við skuldbindingarnar gagnvart sjóðsfélögum sínum.

Takmarkanir á áunnum rétti og varðandi flutning á rétti eru hins vegar af því tagi að vísast er að margir greiði verulegar fjárhæðir í lífeyrissjóði án þess að öðlast neinn rétt út á það eða mjög skertan rétt. Hins vegar býður hið margfalda lífeyrissjóðakerfi upp á að menn tíni saman rétt sinn úr ótal sjóðum þegar að greiðslu lífeyris kemur enda teljast nú um 7300 manns aðilar að sex sjóðum eða fleiri.

1. Uppálöppun — lagafjöld.

Á undanförunum árum hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi með smáskammtalækningum. Þannig hafa verið sett lög um ýmsa þætti lífeyrissjóðsmála, þ.e. lög um eftirlaun aldraðra (27 greinar), lög um skráningu lífeyrisréttinda (8 greinar), lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (10 greinar) og lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Um fimm lífeyrissjóði hafa hins vegar verið sett sérstök lög, þ.e. um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra, sjómanna, bænda og eru þá

lífeyrisdeildir alþingismanna og ráðherra taldar með lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Hér hafa því verið nefnd ný gildandi lög um lífeyrissjóði. Auk þess hafa legið fyrir í þrjú ár drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða í 42 greinum þar sem leitast er við að setja fram samræmdar reglur um starf sjóðanna, réttindi sjóðsfélaga og lífeyrisþega, iðgjöld, starfsleyfi sjóðanna og eftirlit með þeim. Er hér á ferðinni ein tilraunin enn til þess að koma skipulagi á þann óskapnað sem lífeyrissjóðakerfið er. Öllum ætti hins vegar að vera ljóst að þetta fjölsjóðakerfi mun aldrei jafnast á við það að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

2. Fjölskrúðugt kerfi.

Svonefnd Nafnaskrá lífeyrissjóða 21. nóv. 1984 gefur yfirlit yfir núverandi lífeyrissjóðakerfi. Af því má m.a. ráða eftirfarandi varðandi ástandið í árslok 1983.

- a. Lífeyrissjóðirnir eru 91 talsins.
- b. Sjóðsfélagar teljast 171 360, þar af eru 13 155 ekki á þjóðskrá lifenda!
- c. Utan sjóða eru 25 021 eða 14% þeirra sem á þjóðskrá eru.
- d. Að jafnaði eru sjóðsfélagar í 2,3 sjóðum en 62% sjóðsfélaga eru í fleiri en einum lífeyrissjóði.
- e. 218 eru í tíu lífeyrissjóðum eða fleiri, 7088 eru í sex til níu lífeyrissjóðum eða fleiri, 54 403 eru í þremur til fimm lífeyrissjóðum eða fleiri, 45 241 eru í tveimur lífeyrissjóðum eða fleiri, 64 409 eru í einum lífeyrissjóði eða fleiri.
- f. 79 lífeyrissjóðir eru með færri en 10 000 sjóðsfélaga, 48 lífeyrissjóðir með færri en 1000 sjóðsfélaga og 29 lífeyrissjóðir með færri en 500 sjóðsfélaga.

3. Einkenni kerfisins.

Ekki er ástæða til að ætla að ástandið í lífeyrissjóðakerfinu hafi tekið neinum umtalsverðum breytingum á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þetta yfirlit var unnið. Þessar upplýsingar gefa tilefni til að ítreka fáein einkenni þess kerfis sem við búum við.

- a. Það má vera til marks um hversu skilvirkt kerfið er að talning skuli leiða í ljós að til sjóðsfélaga teljist 13 155 einstaklingar sem ekki eru í tölu lifenda á þjóðskrá!
- b. Sú ofraun að ætla 240 þús. manna samfélagi um 90 lífeyrissjóði leiðir vitaskuld til þess að langstærstur hluti sjóðanna er mjög fálíðaður og vanburða, enda eru um 87% sjóðanna með færri en 10 000 sjóðsfélaga. Hjá hinum fámennari sjóðum má nánast ekkert út af bera til þess að þeir lendi ekki í vandræðum og greiðsluþroti.
- c. Hið fjölskrúðuga lífeyrissjóðakerfi leiðir vitanlega til þess að flestir safna réttindum í fleiri en einum sjóði og margir safna réttindum í mörgum sjóðum. Því þarf ekki að koma á óvart og liggur í eðli kerfisins að um 7300 manns skuli vera í sex sjóðum eða fleiri. Það má þá vera umhugsunarefni hvernig fólkinu í landinu gengur að halda til haga réttindum sínum og e.t.v. rifja það upp nokkra áratugi aftur í tímann í hvaða lífeyrissjóði það hafi verið á hverjum tíma. Á hinn bóginn felst vitaskuld í kerfinu að lífeyrisgreiðslur skuli fólk þegar þar að kemur tína úr ýmsum áttum, eina ögnina frá hverjum. Þegar kemur að ellilífeyris- eða örorkulífeyrisgreiðslum þeirra 7300 einstaklinga sem eru í sex sjóðum eða fleiri munu væntanlega um 50 þús. greiðslur fara út mánaðarlega til þeirra. Sumir mundu ganga í sex staði um hver mánaðamót til þess að tína saman þessar krónur sínar, aðrir fá sjö ávísanir sendar í pósti, og enn aðrir munu taka við um og yfir 10 greiðslum um hver mánaðamót, sitt lítið smáræðið frá hverjum.

4. Lélegur réttur og réttindasvipting.

Algengt er að krafist sé ákveðins lágmarkstíma, t.d. fimm ára iðgjaldagreiðslu, til þess að um rétt til lífeyris sé að ræða. Þegar sjóðsfélagi hættir þátttöku í lífeyrissjóði er algengast að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark greiðslutíma. Þótt

skilyrðum um lágmarksréttindatíma sé fullnægt breytist réttarstaðan að ýmsu leyti við úrgöngu. Algengast er að réttur til barnalífeyris falli niður. Í sjóðum, þar sem réttindi eru framreiknuð, fellur slíkur framreikningur niður við úrgöngu. Í sumum sjóðum fellur réttur til örorkulífeyris að fullu niður við úrgöngu og í sumum sjóðum verður verðtrygging einskis virði við úrgöngu.

Af þessu má ráða að mörg iðgjaldagreiðslan ber ekki ávöxt í réttindum. Sá sem yfirgefur tiltekinn sjóð of snemma vegna þess að hann skiptir um starf kann að hafa greitt í sjóðinn til einskis því að réttur hans hefur ýmist aldrei orðið neinn eða rýrnar og glatast að meira eða minna leyti vegna ýmissa mjög mismunandi sérákvæða.

Flutningur réttinda milli sjóða var mjög algengur um skeið, en á undanförunum árum hafa flestir sjóðirnir stöðvað flutning réttinda til sín. Þess vegna fjölgar nú þeim stubbum og stúfum af iðgjaldagreiðslum sem veita engin eða mjög takmörkuð réttindi.

Má þetta vera til marks um hversu ófugsnúíð núverandi lífeyriskerfi er þegar fólki er gert skylt að greiða í lífeyrissjóði en í rauninni er undir hælinn lagt hversu mikil réttindi það hlýtur að launum vegna þess að uppsafnaður réttur við starfsskipti verður að engu.

Fylgiskjal.

ÚR SKÝRSLU ENDURSKOÐUNARNEFNDAR LÍFEYRISKERFIS TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA FRÁ 2. MAÍ 1985.

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis var skipuð þann 20. júlí 1976. Sú nefnd gengur yfirleitt undir nafninu „17 manna nefnd“ og hlutverk hennar var að vinna að endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins miðað við markmið sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febr. 1976. Þau markmið voru:

- að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna;
- að lífeyrissjóður og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma;
- að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta;
- að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ.e. að lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr;
- að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Frá upphafi var skipuð undirnefnd undir þessa 17 manna nefnd, svokölluð sjö manna nefnd, sem síðar varð átta manna nefnd með því að Farmanna- og fiskimannasambandið gerðist aðili að því samkomulagi, sem hér um ræðir, og hlutverk átta manna nefndarinnar hefur verið að kanna sérstaklega málefni lífeyrisþega á samningssviði Alþýðusambands Íslands.

Lög og drög að lögum.

Nefndin hefur nú í áratug eða svo unnið að því meginverkefni að undirbúa gerð tillagna um lífeyriskerfið en auk þess hefur hún haft afskipti af og frumkvæði að lagasetningu, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, en það er 1) lög nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, sem síðar urðu lög nr. 2/1985, 2) lög nr. 50/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 3) lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og 4) lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þessi nefnd hefur jafnframt gert drög að frv. til laga um lífeyrissjóði eða um starfsemi lífeyrissjóða. Þar er kveðið á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, þ.e. hvernig réttindi myndast, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu

og ávöxtun iðgjalda og enn fremur um skipulag, reikningshald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðanna. Í þessum frumvarpsdrögum er kveðið á um þau skilyrði, sem lífeyrissjóðir verða að uppfylla til þess að þeir teljist fullnægja þeim kvöðum um skyldutryggingu sem í lögum felst, og auk ákvæða um eftirlit með starfsemi sjóðanna er þar m.a. gert ráð fyrir ákvæði um verðtryggingu lífeyris. Þessi frumvarpsdrög eru í 42 greinum.

Í sérstakri álitgerð hefur átta manna nefnd látið í ljósi álit sitt á þessum frumvarpsdrögum. Eitt megingjónarmið átta manna nefndarinnar hefur verið að löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða ætti að fela í sér ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldagreiðslur. Það hefur verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða hvort sem þeir störfuðu skv. sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða.

Jöfnun réttinda.

Það sjónarmið býr þá að baki að það sé óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra manna verði jöfnuð og samræmd og að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Í samræmi við þetta er það frá sjónarhóli nefndarinnar skilyrði þess að lífeyrissjóður fái að starfa að *iðgjöld og réttindi standist á og sjóðirnir standi undir sér.*

Ekki er hægt að standa við skuldbindingar.

Í þessu sambandi er vert að benda á að víða í skýrslu nefndarinnar kemur fram að víða hafi verið stofnað til skuldbindinga af hálfu lífeyrissjóðanna, sem ekki sýnist hægt að standa við, þ.e. *eignir sjóðanna eru ónógar til þess að þeir geti greitt þau lífeyrisréttindi sem þeir hafa heitið félögum sínum.* Í þessu sambandi hafa þá verið gerðir ýmsir útreikningar sem hafa leitt þetta í ljós. Þær athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst að staða lífeyrissjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttáð sig á.

Gallar gegnumstreymiskerfis.

Þær athuganir, sem hér um ræðir, hafa bæði beinst að svonefndu gegnumstreymiskerfi og svonefndu söfnunarkerfi. Þeir útreikningar gefa til kynna að í söfnunarkerfi þyrfti iðgjald að jafnaði ekki að vera svo hátt sem í svonefndu gegnumstreymiskerfi. Gallar gegnumstreymiskerfisins eru þá þeir að þegar illa árar eða við breytingu á hlutfallslegri skiptingu mannfjöldans, þá þarf iðgjald að hækka mjög verulega. Því er gegnumstreymiskerfið miður heppilegt þegar miklar breytingar á aldurskiptingu eru fram undan eins og einmitt á við um þessar mundir á Íslandi.

Geymd eða glötuð réttindi.

Leitt hefur af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum, sem innleidd hefur verið með lögum, að það verður æ algengara að menn eigi geymd réttindi í fleiri sjóðum en einum sem þeir greiða ekki lengur iðgjald til. Sjóðirnir hafa brugðist við þessu með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldafjárhæðir og iðgjaldagreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris, og hins vegar gert með sér samskiptasamning þar sem kveðið er á um að litið skuli á réttindi sem samfelld þótt menn skipti um sjóð, svo og um flutning minni háttar réttinda milli sjóða þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Það munu vera um 45 sjóðir, sem eiga aðild að þessu samkomulagi, en það er um helmingur sjóðanna í landinu.

Í sérstakri greinargerð, sem fylgir skýrslunni, og nefnist yfirlit um lífeyriskerfið og er dags. 12. maí 1982, er að finna ýmsar greinargóðar upplýsingar um lífeyriskerfið eins og það nú er. Þar er þess m.a. getið að eftir því sem félögum lífeyrissjóða fjölgaði þá var flutningur réttinda sífellt stærri þáttur í starfsemi sjóðanna, en jafnframt hafði verðbólgan það í för með

sér að það var mikið misræmi á milli þeirra skuldbindinga sem lífeyrissjóðir tóku á sig er þeir veittu flutningi viðtöku og þeirrar fjárhæðar, þ.e. iðgjalda ásamt vöxtum sem þeir fengu greiddar skv. gildandi venjum. Að undanfögnu, en einkum þó á árinu 1980, hefur hins vegar mikið kveðið að einhliða ákvörðunum einstakra lífeyrissjóða um stöðvun réttindaflutninga eftir eldri reglum, en jafnframt hefur verið unnið að almennu samkomulagi lífeyrissjóða með því markmiði að réttindi glattist ekki þó menn skipti um starf og lífeyrissjóð.

Tilgangur lagasetningar.

Með lögum um starfskjör launafólks var komið á skyldu fyrir alla þá sem tekjur hafa af atvinnu til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Tilgangurinn með lögnum um skráningu lífeyrisréttinda var hins vegar sá að tryggja greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild, stuðla að framkvæmd lagaákvæðanna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og afla vitneskju um þau réttindi sem lífeyrissjóðakerfið í heild veitir. Á hinn bóginn er Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda ætlað það hlutverk að taka við mönnum, sem tryggingarskyldir eru, en fullnægja ekki tryggingaskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til annarra lífeyrissjóða.

Fjöldi sjóða.

Í þessari skýrslu er þess getið að í árslok 1980 töldust vera starfandi hér á landi 96 lífeyrissjóðir og af þeim höfðu 90 sjóðir hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en um eftirtalda 6 sjóði hafa verið sett sérstök lög: Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóð ljósmæðra, Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð bænda og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Margbreytileiki bótaákvæða . . .

Um lífeyrisréttindi lífeyrissjóðanna segir m.a. að nær allir lífeyrissjóðir hér á landi veiti 4 tegundir lífeyris, elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Að öðru leyti segir að bótaákvæði séu svo margbreytileg að þeim verði ekki lýst til neinnar hlítar í stuttu máli.

. . . í ellilífeyri,

Algengast er að krafist sé a.m.k. fimm ára iðgjaldagreiðslu til þess að um rétt til ellilífeyris geti verið að ræða. Gildir sú regla í 53 sjóðum með 82 000 starfandi sjóðsfélaga. Á hinn bóginn felst ekki ávallt það sama í þessu ákvæði þar eð sumir sjóðir krefjast 60 mánaða iðgjaldagreiðslu en hjá öðrum er krafist tiltekinna lágmarksgreiðslna er skuli dreifast á a.m.k. 5 almanaksár. Hjá 20 sjóðum, þar með töldum séreignasjóðunum, er ekki krafist neins lágmarksiðgjaldagreiðslutíma, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár en hjá öðrum sjóðum gilda sérreglur í þessu efni. Hér er því um fjölskrúðugar reglur að ræða varðandi ellilífeyrisgreiðslur.

. . . í örorkulífeyri,

Um örorkulífeyri gilda önnur ákvæði. Skv. bótaákvæðum SAL-sjóðanna er það skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris að umsækjandi hafi greitt iðgjöld til hlutadeigandi sjóðs undanfarandi 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á næstu 12 mánuðum, áður en orkutap á sér stað. Réttindi miðast við áunnin stig að viðbættum framreiknuðum stigum til 70 ára aldurs. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gildir einnig skilyrðið um þriggja ára réttindatíma, þ.e. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þar er höfuðreglan hins vegar sú að fjárhæð lífeyris miðast eingöngu við áunnin réttindi nema rekja megi örorkuna til starfs sjóðsfélaga. Þriggja ára lágmark réttindatíma gildir í 40 sjóðum, ekkert slíkt lágmark er hjá 15 sjóðum, 15 sjóðir hafa 5 ára lágmark, 8 sjóðir miða við 10 ár og 12 sjóðir fylgja öðrum reglum. Hér er því sömuleiðis um mikla fjölbreytni að ræða.

... í makalífeyri,

Varðandi makalífeyri er það að segja að algengast er að réttur til makalífeyris sé bundinn skilyrðum um a.m.k. sex mánaða réttindatíma. Sú regla gildir hjá 41 sjóði. Hjá 27 sjóðum er ekkert lágmark, hjá fjórum sjóðum er eins árs lágmark, hjá tíu sjóðum fimm ára lágmark, en hjá sex sjóðum gilda enn aðrar reglur.

... í barnalífeyri,

Varðandi barnalífeyri og réttindi í því sambandi, þá er hjá 47 sjóðum veittur barnalífeyrir við fráfall sjóðsfélaga án tillits til lengdar réttindatímans en 38 sjóðir krefjast sex mánaða lágmarkstíma og fjórir sjóðir fylgja enn öðrum reglum í þessum efnunum.

... í verðtryggingu.

Fjölbreytni er einnig nokkur í verðtryggingu. Verðtrygging elli-, örorku- og makalífeyris er þannig með nokkuð mismunandi hætti. Í 19 sjóðum með um 33 000 starfandi sjóðsfélaga er kveðið á um fulla verðtryggingu. Þá er átt við að bótafjárhæðir breytist í samræmi við tiltekinn kauptaxta eða fylgi breytingum er verða á launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri eða starfi sem sjóðsfélaginn gegndi. Hjá svo nefndum SAL-sjóðum gilda ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu elli-, örorku- og makalífeyris í samræmi við samkomulag ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnuálagasambands samvinnufélaga frá 1977, með síðari breytingum, og sömu eða hliðstæðar reglur gilda hjá mörgum öðrum sjóðum. Alls er hér um að ræða 40 sjóði með um 69 000 sjóðsfélögum. Hjá 13 sjóðum með 15 000 starfandi sjóðsfélaga gilda aðrar reglur í þessu efni og er þar almennt um að ræða takmarkaðar uppbætur. En 23 sjóðir með 6000 starfandi sjóðsfélaga hafa engin ákvæði um uppbætur á lífeyri eftir að hann hefur upphaflega verið úrskurðaður.

Takmarkaður réttur við úrgöngu ...

Réttur við úrgöngu er tiltölulega takmarkaður. Hætti maður þátttöku í lífeyrissjóði, þ.e. iðgjaldagreiðslur falla niður af öðrum ástæðum en vegna elli eða örorku eða gjaldfrelsi að tilskildum iðgjaldagreiðslutíma loknum, þá telst hlutadeigandi ýmist sjóðsfélagi áfram um sex mánaða skeið og nýtur á þeim tíma óskertra réttinda eða hann telst farinn úr sjóðnum um leið og hann hættir iðgjaldagreiðslum. Reglan um sex mánaða umþóttunartíma gildir hjá 41 sjóði en 49 sjóðir hafa engan umþóttunartíma. Þegar sjóðsfélagi hins vegar telst hættur þátttöku og umþóttunartíminn er liðinn, ef um hann er að ræða, þá er það mismunandi eftir sjóðum hveir réttinda maðurinn nýtur. Algengast er að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark iðgjaldagreiðslutíma og e.t.v. einnig um lágmark áunninna stiga. Í 50 sjóðum með um 81 þús. starfandi sjóðsfélaga eru skilyrði um 5 ára lágmarkstíma. Hjá 18 sjóðum er ekkert slíkt lágmark, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár, en hjá 12 sjóðum gilda enn aðrar reglur. Nái réttindatími ekki tilskildu lágmarki eru iðgjöldin geymd án þess að þau veiti nokkurn lífeyrisrétt. Þau geta þó komið að notum síðar annaðhvort með því að hlutadeigandi hefji aftur þátttöku í sjóðnum eða annar sjóður samþykki að veita iðgjöldum viðtöku.

... og breytt réttarstaða.

Þótt skilyrðum um lágmarksréttindatímamann sé fullnægt þá breytist réttindastaðan að ýmsu leyti við úrgöngu. Algengast er að réttur til barnalífeyris falli þá niður. Í sjóði þar sem réttindi eru framreiknuð við ákvörðun örorku og makalífeyris fellur slíkur framreikningur niður við úrgöngu en geymd réttindi miðast eingöngu við liðinn réttindatíma. Í 29 sjóðum fellur réttur til örorkulífeyris að fullu niður við úrgöngu og verðtrygging lífeyris er í sumum sjóðum takmarkaðri og jafnvel nær einskis virði eftir úrgöngu.

Stöðvun flutninga.

Í þessu yfirliti, um lífeyrissjóðakerfið dags. 12. maí 1982, segir enn fremur að undanfarin tvö ár hafi flestir lífeyrissjóðir stöðvað flutning réttinda til sín en einstök mál hafi oft verið leyst með sérstöku samkomulagi þegar nauðsyn hefur krafið. Jafnframt hafi samtök sjóðanna, þ.e. Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða, haft frumkvæði um gerð almenns rammisamkomulags um þessi mál en það hafi ekki náð fram að ganga. Staða þessara mála nú skv. skýrslunni er því sú að mjög lítið kveður að flutningi réttinda milli lífeyrissjóða.

Gjaldstofn er hreyfilegur.

Í þessari skýrslu segir líka um tryggðar tekjur að gjaldstofn sá eða tryggðar tekjur, sem iðgjöld til lífeyrissjóða reiknast af, eru mismunandi eftir sjóðum og mismunur að þessu leyti getur jafnvel verið milli einstakra starfshópa innan sama sjóðs. Það er algengt að iðgjöld séu greidd af föstum launum eða dagvinnutekjum skv. umsömdum launataxta. Hlutfallið milli lífeyris og fyrri heildarvinnutekna fer þá að verulegu leyti eftir því hve mikinn hluta heildarteknanna menn fá í formi fastra launa. Dæmi eru um að iðgjöld séu greidd af fastri yfirvinnu og einnig eru dæmi um að vaktavinnutekjur séu að verulegu leyti gjaldskyldar þannig að hér er um nokkra fjölbreytni að ræða.

Í þeim kafla, sem fjallar um heildarréttindi og fjölda lífeyrisþega, segir m.a.:

Lítil réttarbót fyrir 25 ára starf (290 kr.).

„Það vekur athygli hve lítil viðbótarréttindi láglaunamaður ávinnur sér með áratuga greiðslum til lífeyrissjóðs. Skýrast kemur þetta fram í dæmunum þar sem einhleypur verkamaður getur vænst þess að fá í heild kr. 4980 á mánuði í ellilífeyri ef hann greiðir iðgjald til lífeyrissjóðs í 40 ár; en verkamaður, sem nýtur 15 ára réttinda samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra og hefur e.t.v. aldrei greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs, fær nú kr. 4690 á mánuði.“

Hér er því greinilega um mikið misræmi að ræða sem hlýtur að skapa úlfúð og tortryggni í þeim mæli sem menn uppgötva hvernig mál eru hér í pott búin.

Frumvarpsdrög um starfsemi lífeyrissjóða — þriggja ára gömul.

Eins og áður getur eru þau drög að frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða, sem starfshópur á vegum 17 manna nefndar hefur unnið, 42 greinar samtals. I. kaflinn fjallar um gildissvið, II. kafli um réttindi lífeyrisþega, reglugerðir lífeyrissjóða, iðgjöld o.fl., III. kafli fjallar um stjórn, IV. kafli um endurskoðun ársreikninga o.fl., V. kafli um starfsleyfi lífeyrissjóða og eftirlit, VI. kafli um afturköllun starfsleyfis, slit lífeyrissjóða og sameiningu, VII. kafli um lífeyrissjóði er starfa við gildistöku laga þessara og í VIII. kafla eru ýmis ákvæði.

Afstaða BSRB.

Þessi drög eru dags. 12. apríl 1983 eða fyrir u.þ.b. þremur árum síðan. Ekki hafa þau enn verið lögð fyrir Alþingi. Í sérstökum bréfum frá formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem fylgja þessum frumvarpsdrögum, er þess getið að stjórn BSRB telur sér ekki fært að taka afstöðu til frumvarpsdraganna fyrr en niðurstöður tryggingafræðings, sem gerði fjárhagslega úttekt á lífeyrissjóðunum með hliðsjón af frumvarpsdrögum, liggja fyrir. Enn fremur telur bandalagsstjórnin að þau fylgfrumvörp, sem um hefur verið rætt, þurfi að vera fyrir hendi áður en afstaða er tekin til frumvarpsdraganna.

Afstaða átta manna nefndar . . .

Í greinargerð um drög að þessum frumvörpum frá átta manna nefndinni kemur fram að nefndin telur þær tillögur um ákvæði, um lífeyrisréttindi og lífeyrisiðgjöld, sem fram koma í

frumvarpsdrögunum í 13. og 14. gr., ófullnægjandi. Í því sambandi bendir nefndin á að óvarlegt sé að gera ráð fyrir ávöxtun iðgjaldasjóðs umfram breytingu kaupgjalds og telur reynslu annarra þjóða sýna að kaupgjald hafi hækkað með fáum undantekningum umfram nafnvexti. Nefndin telur jafnframt að niðurstöður þeirra útreikninga, sem gerðir hafa verið bendi til þess að *iðgjöld séu of lág og leða lífeyrisréttindi séu of ríkuleg nema hvort tveggja sé.*

... á móti gegnumstreymiskerfi.

Jafnframt telur hún að þau dæmi sem reiknuð hafa verið sýni glögg að *með upptöku gegnumstreymiskerfis væri verið að velta vandanum á undan sér*, en að auki bendir nefndin á þjóðhagslega þýðingu sparnaðar í lífeyriskerfinu með söfnun og virðist því taka afdráttarlaust undir það að svonefnt söfnunarkerfi skuli vera við lýði. Vegna breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum á vinnuframlagi hjóna er það mar þessarar nefndar (átta manna nefndarinnar) að sú breyting kalli á breytingu á ákvörðun um makalífeyri og jafnframt leggur nefndin til að barnalífeyrir verði stórhækkaður og lífeyrisréttindum verði skipt milli hjóna.

... um tryggingafræðilega úttekt á hverjum sjóði.

Vegna stöðu sjóðanna bendir nefndin á að óhjákvæmilegt sé að gerð verði tryggingafræðileg úttekt á hverjum starfandi lífeyrissjóði sem leiði til mats á raunverulegum réttindum sjóðsfélaga á grundvelli eigna í sjóðnum. Nefndin gerir ráð fyrir því að lífeyrstryggingar almannatrygginga muni starfa áfram með svipuðum hætti og nú er, þ.e. að núverandi elli- og örorkulífeyri verði haldið og hann greiddur án tillits til ævitekna lífeyrisþega. Hann yrði þannig áfram grunnlífeyrir í nýju lífeyriskerfi.

... um tekjutengdan lífeyri,

Úr lífeyrissjóðum yrði hins vegar greiddur tekjutengdur ellilífeyrir í samræmi við hugmyndir sem fram eru settar um það að samanlögð iðgjöld sjóðsfélaga hvert almanaksár skuli umreiknuð í stig sem myndi grundvöll lífeyrisréttinda hans. Umreikningurinn skal gerður þannig að í iðgjaldsstofn hvers iðgjaldsgreiðanda skal deila með ákveðnum grundvallarlaunum. Grundvallarlaun skulu miðast við áætlaðar meðalvinnutekjur fullvinnandi framteljanda og skulu þau taka sömu breytingum og áætlað er að meðaltekjur af atvinnu hafi gert frá næst liðnu almanaksári. Upphæð ellilífeyris skal ákvarðast sem hundraðshluti af grundvallarlaunum. Þessi hundraðshluti skal ákvarðaður á grundvelli samanlagðs stigafjölda sem sjóðsfélagið hefur áunnið sér. Lífeyrisgreiðslur skulu innan hvers almanaksárs breytast með breytingum kauptaxta allra launþega á grundvelli upplýsinga frá opinberum aðilum. Lífeyrisréttur ræðst þannig af greiðslum iðgjalda af tekjum á starfsævi.

... um réttindi hjóna,

Um skiptingu réttinda milli hjóna segir: Í hugmyndum átta manna nefndarinnar er tekin ákveðin afstaða til ellilífeyrisréttar heimavinnandi maka. Gengið er út frá því að í hjónabandi felist sameiginlegt fjárfélag hjónanna og að þær eignir, sem myndaðar eru af tekjum sem aflað er meðan hjónaband varir, séu sameign hjónanna. Af þessu er ályktað að ellilífeyrisréttur sem stofnast með greiðslu iðgjalda á atvinnutekjum sé sameign hjónanna. Nefndin leggur því til að ellilífeyrisréttindi skiptist á milli hjóna við slit hjónabands hvort sem heldur er af völdum skilnaðar eða dauða. Lagt er til að við skilnað sé þeim ellilífeyrisréttindum, sem áunnist hefur meðan hjónabandið stóð, skipt jafnt á milli hjóna. Við dauða annars hjóna er hins vegar lagt til að við fráfall þess hjóna, sem hefur aflað minni réttar meðan á hjónabandinu stóð, haldi hitt hjónanna áunnum rétti sínum óskertum. Falli það hjónanna frá, sem hefur haft meiri tekjur og því aflað meiri lífeyrisréttinda meðan á

hjónabandinu stóð, er hins vegar lagt til að ellilífeyrisréttindi hins eftirlifandi yrðu hækkuð í það að nema hinu sama og hinn látni hafði aflað meðan á hjónabandinu stóð.

... um fjölskyldulífeyri,

Um svonefndan fjölskyldulífeyri segir: Núgildandi ákvæði flestra lífeyrissjóða taka mið af veröld sem var. En í því fólst að eiginkonan væri fullkomlega háð eiginmanni sínum fjárhagslega og væri á framfæri hans. Við andlát eiginmannsins greiðist konunni því framfærslueyrir, þ.e. makalífeyrir. Geysilegar breytingar hafa átt sér stað varðandi launaða vinnu eiginkvenna utan heimilis á undanförunum tveim áratugum og má ætla að um 65% giftra kvenna starfi utan heimilis og hlutfallið sé mun hærra í yngri aldursflokkum.

... um makalífeyri,

Sem fyrr segir leggur nefndin til að makalífeyrir í sinni núverandi mynd verði ekki í nýju réttindakerfi. Í stað þess er lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt svo að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir sem miðist við framfærslubyrði. Er hér annars vegar um að ræða makabætur sem greiddar verði í 1–2 ár eftir fráfall maka. Hins vegar er um að ræða barnalífeyri. Leggur nefndin áherslu á að hann verði stórauðinn og greiddur til framfæranda barna látins sjóðsfélaga til 19 ára aldurs barna. Nefndin telur að skipting ellilífeyrisréttinda hjóna, upptaka makabóta og stórhækkun barnalífeyris en niðurfelling makalífeyris sé aðlögun að breyttum þjóðfélagsháttum.

... um iðgjald af öllum launum,

Varðandi iðgjaldsstofn leggur nefndin til að iðgjaldsstofni verði breytt þannig að í stað þess að iðgjald sé eingöngu greitt af dagvinnutekjum þá skuli það greiðast af heildaratvinnutekjum og um leið yrði tekjutengdur lífeyrir miðaður við heildaratvinnutekjur. Nefndin telur að breyting á iðgjaldsstofni og dagvinnutekjur í allar launatekjur hafi mun meiri kosti en ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi má nefna að eðlilegra virðist að miða réttindamyndun fremur við launatekjur í heild en eingöngu við tekjur af dagvinnu. Í öðru lagi er oft mjög erfitt að skilgreina dagvinnulaun svo að vel sé og vafi getur m.a. leikið á meðferð álags- og bónusgreiðslna. Í þriðja lagi er nær ógerlegt að koma við eftirliti með því að iðgjalds-greiðslur séu inntar af hendi svo sem vera ber, ef miðað er við dagvinnutekjur, þar sem ekki er greint á milli dagvinnulauna og annarra launa á launaseðlum eða launauppgjörum.

... um afstöðu og stofnsetningu lífeyrissjóðaeftirlits.

Í bréfi dags. 6.5.1983 til formanns 17 manna lífeyrisnefndar hefur átta manna nefndin áréttað afstöðu sína til frumvarpsdraganna. Þar kemur fram að nefndin tekur ekki afstöðu til efnis og orðalags 13. og 14. gr. frumvarpsdraganna af því að hún telur að í þeim felist engin efnisbreyting á núverandi kerfi lífeyrisréttinda en á skorti ný og samræmd ákvæði sem taki með sama hætti til allra starfandi manna í landinu. Í öðru lagi kemur fram að nefndin leggur til að málefni lífeyrissjóða verði flutt frá fjmrn. til sérstakrar stofnunar, lífeyrissjóðaeftirlits, sem heyri undir ráðherra tryggingamála. Nefndin leggur enn fremur til að lífeyrissjóðaeftirlitið lúti stjórn sérstaks eftirlitsráðs. Og í þriðja lagi telur nefndin að eftirlitsráð eigi að vera skipað skv. tilnefningu samtaka launþega, atvinnurekenda og ríkissjóðs með svipuðum hætti og gilt hefur um skipun 17 manna nefndarinnar þannig að fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka, sem að sjóðunum standa, verði gerðir ábyrgir fyrir eftirlitinu.